

Nýr Landspítali ohf.

Ársreikningur 2025

Nýr Landspítali ohf.
Vatnsmýrarvegi 22
101 Reykjavík
kt. 500810-0410

Efnisyfirlit

	Bls.
Skýrsla stjórnar og staðfesting ársreiknings.....	3
Áritun Ríkisendurskoðunar.....	4
Rekstrarreikningur.....	6
Efnahagsreikningur.....	7
Sjóðstreymi.....	8
Skýringar.....	9

Skýrsla stjórnar og staðfesting ársreiknings

Ársreikningur Nýs Landspítala ohf. árið 2025 er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning og sjóðstreymi, auk skýringa.

Hlutverk félagsins samkvæmt lögum nr. 64/2010 er að hafa umsjón með og stýringu á byggingu á nýjum Landspítala fyrir hönd ríkisins. Fjöldi verkefna sem Nýjum Landspítala ohf. hafa verið falin hefur breyst til aukningar að umfangi á umliðnum árum. Félagið skiptir verkefnum sínum upp í fimm meginflokka sem eru Hringbrautarverkefni, önnur verkefni NLSH, sérhæfð sjúkrahúsverkefni, undirbúningur annars áfanga og verk í stýringu. Undir Hringbrautarverkefnið falla meðferðarkjarni, rannsóknahús, bílastæða- og tækniús, bílakjallari og stofnkerfi. Önnur verkefni NLSH eru tæki og búnaður, upplýsingatækni og þróunarverkefni. Sérhæfð sjúkrahúsverkefni eru stækkanir á Grensásdeild og Sjúkrahúsinu á Akureyri. Undir verk í stýringu fellur húsnæði heilbrigðisvísindasviðs Háskóla Íslands.

Á árinu 2025 beindist starfsemi félagsins að fjölmörgum hönnunar- og framkvæmdaverkum við Hringbraut, Grensás og Sjúkrahúsið á Akureyri ásamt að unnið er að viðamiklum þróunar- og tækniverkefnum s.s. tækja- og búnaðarverkefnum. Mesta umfang og kostnaður er fólgin í Hringbrautarverkefnum félagsins, sem eru verklegar framkvæmdir við frágang meðferðarkjarna utan- og innanhúss, uppsteypu rannsóknahúss, frágang bílastæða- og tækniúss ásamt framkvæmdum við Grensás.

Starfsmenn félagsins voru 37 í árslok og fjöldi ársverka voru 39,5.

Samkvæmt efnahagsreikningi í árslok námu eignir 4.809,0 m.kr., skuldir 4.789,0 m.kr. og eigið fé 20,0 m.kr.

Hlutfé félagsins er 20,0 m.kr. og er að fullu í eigu ríkissjóðs.

Stjórn Nýs Landspítala ohf. vekur athygli á ársreikningi fjárlagaliðar 08 376 bygging sjúkrahúss á lóð Landspítalans þar sem nánari upplýsingar um heildarfjárfestingu verkefnisins má finna.

Stjórn Nýs Landspítala ohf. og framkvæmdastjóri staðfesta hér með ársreikning félagsins fyrir árið 2025 með undirritun sinni.

Reykjavík, 31. mars 2026

Undirritað rafrænt

Finnur Árnason
stjórnarformaður

Sigurður H. Helgason

Steinunn Sigvaldadóttir

Gunnar Svavarsson,
framkvæmdastjóri

Áritun Ríkisendurskoðunar

Til stjórnar og hluthafa Nýs Landspítala ohf.

Álit

Ársreikningur Nýs Landspítala ohf. árið 2025 er endurskoðaður samkvæmt lögum nr. 46/2016, um ríkisendurskoðanda og endurskoðun ríkisreikninga. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymisýfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit Ríkisendurskoðunar að ársreikningurinn sýni glögga mynd af fjárhagsstöðu Nýs Landspítala ohf. 31. desember 2025, afkomu félagsins og breytingu á handbæru fé á árinu 2025, í samræmi við lög um ársreikninga.

Grundvöllur fyrir álit

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð samkvæmt þeim stöðlum er nánar lýst í kaflanum um ábyrgð ríkisendurskoðanda hér á eftir. Ríkisendurskoðandi er óháður Nýjum Landspítala ohf. og starfar í samræmi við lög nr. 46/2016, um ríkisendurskoðanda og endurskoðun ríkisreikninga, og siðareglur alþjóðasamtaka ríkisendurskoðana (INTOSAI). Skrifstofa ríkisendurskoðanda nefnist Ríkisendurskoðun og fer hann með stjórn hennar. Ríkisendurskoðandi telur að við endurskoðunina hafi verið aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit Ríkisendurskoðunar á ársreikningnum.

Aðrar upplýsingar

Að álit Ríkisendurskoðunar koma fram í skýrslu stjórnar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104. gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri (stjórnendur) eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Stjórnendur eru einnig ábyrgir fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er að sé til staðar við gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreiknings eru stjórnendur ábyrgir fyrir því að meta rekstrarhæfi Nýs Landspítala ohf. og setja inn skýringu ef þess er þörf. Ef við á skulu stjórnendur setja fram viðeigandi skýringar um rekstrarhæfi og hvers vegna þau ákváðu að beita forsendu um rekstrarhæfi við gerð og framsetningu ársreiknings, nema stjórnendur hafi ákveðið að leysa félagið upp eða hætta starfsemi, eða hafa enga aðra raunhæfa möguleika en að leysa félagið upp.

Stjórn skal hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreiknings.

Áritun Ríkisendurskoðunar

Ábyrgð ríkisendurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið ríkisendurskoðanda er að aflað sé nægjanlegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka og að gefa út áritun sem felur í sér álit Ríkisendurskoðunar á ársreikningnum. Nægjanleg vissu er mikið öryggi, en ekki trygging þess að endurskoðun sem framkvæmd er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni uppgötva allar verulegar skekkjur séu þær til staðar. Skekkjur geta orðið vegna mistaka eða sviksemi og eru álitnar verulegar ef þær gætu haft áhrif á fjárhagslega ákvarðanatöku notenda ársreikningsins, einar og sér eða samanlagðar.

Endurskoðun var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla og hún byggir á faglegri dómgreind og gagnrýni. Einnig framkvæmir Ríkisendurskoðun eftirfarandi:

- Greinir og metur hættu á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna mistaka eða sviksemi, endurskoðunaraðgerðir skipulagðar og framkvæmdar til að bregðast við þeirri hættu og aflað endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að undirbyggja álit á reikningnum. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, fölsun, villandi framsetningu ársreiknings, að einhverju sé viljandi sleppt eða að farið sé fram hjá reglum innra eftirlits.
- Aflar skilnings á innra eftirliti í þeim tilgangi að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir og meta hvort það tryggi viðunandi árangur.
- Metur hvort reikningsskilaaðferðir og reikningshaldslegt mat stjórnenda ásamt tengdum skýringum séu viðeigandi í samræmi við reikningssskilareglur.
- Ályktar um notkun stjórnenda á forsendunni um rekstrarhæfi og á grundvelli endurskoðunarinnar leggur mat á hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasemdum um rekstrarhæfi. Ef endurskoðunin leiðir í ljós að talið sé að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreiknings í áritun Ríkisendurskoðunar. Ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi þarf að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða Ríkisendurskoðunar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar. Engu að síður geta aðstæður í framtíðinni valdið óvissu um rekstrarhæfi félagsins.
- Metur í heild sinni hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum, metur framsetningu, uppbyggingu og innihald, þar með talið skýringar með tilliti til glöggrar myndar.

Ríkisendurskoðun ber að upplýsa stjórn félagsins um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar og mikilvæg atriði sem fram komu við endurskoðunina, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti.

Ríkisendurskoðun, 31. mars 2026

Undirritað rafrænt

Guðmundur Björgvin Helgason
ríkisendurskoðandi

Rekstrarreikningur árið 2025

	Skýr.	2025	2024
Framlag til rekstrar.....	10	925.912	797.493
Gjöld			
Launakostnaður.....		(867.478)	(734.336)
Annar rekstrarkostnaður.....		(319.839)	(367.319)
Rekstrargjöld	11	(1.187.317)	(1.101.655)
Fjármunatekjur.....		266.771	327.301
Fjármagnsgjöld.....		(5.366)	(23.138)
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld		261.405	304.162
Afkoma ársins		0	0

Efnahagsreikningur 31. desember 2025

	Skýr.	2025	2024
Eignir			
Veltufjármunir			
Skammtímakröfur.....	3	622.283	204.361
Fyrirframgreiðslur.....		122.465	304.891
Krafa vegna skatta.....	4	267.573	237.318
Handbært fé.....	6	3.796.686	4.154.544
Veltufjármunir		<u>4.809.007</u>	<u>4.901.115</u>
Eignir alls		<u>4.809.007</u>	<u>4.901.115</u>
Eigið fé			
Hlutfé.....		20.000	20.000
Eigið fé	8	<u>20.000</u>	<u>20.000</u>
Skuldir			
Skammtímaskuldir			
Viðskiptareikningur við ríkissjóð.....	9	3.078.018	3.459.476
Aðrar skammtímaskuldir.....		1.710.989	1.421.639
Skammtímaskuldir	5	<u>4.789.007</u>	<u>4.881.115</u>
Skuldir alls		<u>4.789.007</u>	<u>4.881.115</u>
Eigið fé og skuldir alls		<u>4.809.007</u>	<u>4.901.115</u>

Sjóðstreymi árið 2025

	2025	2024
Rekstrarhreyfingar		
Niðurstaða rekstrarreiknings.....	0	0
Skammtímakröfur, (hækkun).....	(265.750)	(281.795)
Skammtímaskuldir, (lækkun) hækkun.....	(92.108)	1.015.416
Handbært fé frá rekstri	<u>(357.858)</u>	<u>733.621</u>
(Lækkun) Hækkun á handbæru fé.....	(357.858)	733.621
Handbært fé í ársbyrjun.....	<u>4.154.544</u>	<u>3.420.923</u>
Handbært fé í árslok	<u><u>3.796.686</u></u>	<u><u>4.154.544</u></u>

Skýringar

1. Upplýsingar um félagið

Nýr Landspítali ohf. er opinbert hlutafélag og starfar á grundvelli laga nr. 64/2010. Heimilisfesti félagsins er að Vatnsmýrarvegi 22, 101 Reykjavík.

2. Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningur Nýs Landspítala ohf. byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum og er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga.

3. Skammtímakröfur

Skammtímakröfur eru færðar á kostnaðarverði.

4. Krafa vegna skatta

Krafa vegna skatta er vegna endurgreiðslu virðisauka- og fjármagnstekjuskatts.

5. Skammtímaskuldir

Skammtímaskuldir eru færðar á kostnaðarverði.

6. Handbært fé

Til handbærs fjár teljast óbundnar innstæður á bankareikningum.

7. Kostnaður við framkvæmdir

Kostnaður við framkvæmdir greinist þannig:	2025	2024
Kostnaðarverð		
Hringbrautarverkefni.....	11.615.418	15.824.499
Önnur verkefni NLSH.....	487.886	344.691
Sérhæfð sjúkrahúsverkefni.....	2.231.860	1.122.929
Annar áfangi, undirbúningur.....	46.294	0
Flutt á viðskiptareikning ríkissjóðs.....	(14.381.458)	(17.292.120)
	<u>0</u>	<u>0</u>

Lögbundið hlutverk félagsins er að hafa umsjón með og stýringu á uppbyggingu nýs Landspítala fyrir hönd ríkisins. Ríkissjóður er eigandi Nýs Landspítala og eignfærir framkvæmdakostnað vegna byggingar spítalans. Í hlutverki félagsins sem umsjónaraðili verkefnisins sér það um samninga og greiðslur til verktaka og annarra aðila sem koma að byggingu spítalans. Þær greiðslur koma ekki fram í rekstrar- eða efnahagsreikningi félagsins, heldur aðeins kostnaður sem snýr að rekstri félagsins við verkefnastýringu.

Skýringar

8. Eigið fé

Hlutfé.....	20.000	20.000
-------------	--------	--------

9. Viðskiptareikningur ríkissjóðs

Staða við ríkissjóð í ársbyrjun.....	3.459.476	2.751.595
Greitt úr ríkissjóði.....	14.000.000	18.000.000
	17.459.476	20.751.595
Flutt af heildarkostnaði.....	(14.381.458)	(17.292.120)
Staða við ríkissjóð í árslok	3.078.018	3.459.476

Félagið fær árlegt framlag frá Ríkissjóði til að standa straum af kostnaði við byggingu spítalans og verkefnastýringu. Síðastliðin tvö ár hefur framlagið verið umfram kostnað félagsins og er farið með umframgreiðsluna sem fyrirframinnheimt framlag vegna kostnaðar síðari tímabila og hún færð til skuldar við Ríkissjóð.

10. Fjárveiting

Fjárveiting ársins nam 16.374 m.kr. En greiðslur úr ríkissjóði á árinu námu 14.000 m.kr.

11. Rekstrarkostnaður

Rekstrarkostnaður er vegna annars verkefna-, ráðgjafa- og framkvæmdakostnaðar og vegna launa verkefnisstjórnar. Heildarlaunakostnaður nam 867,5 m.kr. og fjöldi ársverka var 39,5 en þeim fjölgaði um 5 frá árinu áður. Fjöldi starfsmanna í árslok voru 37. Áunninn orlofsskuldbinding vegna starfsmanna í árslok hefur verið reiknuð og breytingin færð til gjalda og skuldar í efnahagsreikningi.

Laun stjórnar og framkvæmdastjóra á árinu nam 41,4 m.kr.

	2025	2024
Laun.....	699.153	596.269
Launatengd gjöld.....	160.893	137.425
Áunnið orlof, breyting.....	7.432	642
Annar verkefna- og framkvæmdakostnaður við heildarverkefnið.....	319.839	367.319
	1.187.317	1.101.655

Undirritunarsíða

Finnur Árnason

Gunnar Svavarsson

Sigurður Helgi Helgason

Steinunn Sigvaldadóttir

Guðmundur Björgvin Helgason